

Fréttabréf Grunnskólans Hofsósi

25. september 2014

Ágætu foreldrar/forráðamenn.

Í vikunni sem er að líða ber þess helst að geta að nemendur í 4., 7. og 10. bekk hafa verið í samræmdum prófum. Einnig fóru allir nemendur skólans upp í skógarlundinn okkar til að gróðursetja og í almenna tiltekt á skóginum.

Íþróttakennsla

Frá og með þriðjudeginum 30. september verða íþróttir kenndar inni í Höfðaborg. Allir nemendur eru því beðnir að hafa með sér innanhúss íþróttafatnað. Sund verður áfram á mánudögum, fimmtudögum og á þriðjudögum hjá 4.-6. bekk.

Hautsamverur

Hautsamverurnar verða tvær í ár:

Mánudaginn 29. september fyrir 7.- 10. bekk kl. 20 – 22.

Þriðjudaginn 30. september fyrir 1.- 6. bekk kl. 17:15 – 19.

Hautsamverurnar eru vettvangur fyrir alla foreldra og kennara til að hittast og ræða það starf sem er framundan.

Hautþing kennara föstudaginn 3. október.

Föstudaginn 3. október verður frí hjá nemendum vegna hautþings kennara.

Minningarhátíð (Rakelarhátíð).

Sunnudaginn 12. október verður Rakelarhátíðin haldin í Höfðaborg kl.14. Fyrir þá sem ekki vita er Minningarhátíðin fjáröflunarskemmtun fyrir Minningarsjóð Rakelar Pálmadóttur sem var nemandi hér við skólann en lést af slysförum aðeins 8 ára gömul. Sjóðurinn hefur í gegnum tíðina staðið þétt við bakið á skólanum og gefið fjölmarga hluti til hans, bæði til félagsstarfa nemenda og eins tæki til notkunar í kennslu.

Starfsfólk Grunnskólans austan Vatna, Hofsósi